

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar FENÚR fyrir starfsárið 2006-2007

Góðir aðalfundargestir. Að loknum síðasta aðalfundi FENÚR sem haldinn var 31. mars 2006 í Básnum Ölfusi skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður hafði verið kosinn sérstaklega á aðalfundinum en önnur verkaskipting varð þessi:

Varaformaður Pétur Bjarnason.

Ritari Úlfar Haraldsson.

Gjaldkeri Ragna Halldórsdóttir.

Meðstjórnandi Helga J. Bjarnadóttir.

Stjórnin hélt 11 (86-96) fundi á starfsárinu og voru aðalmenn og varamenn í stjórn boðaðir á fundina. Fundargerðir þessara funda liggja fyrir.

Aðalfundarráðstefna 2006

Eftir aðalfundinn í fyrra var haldin ráðstefna eins og venja hefur verið frá stofnun félagsins. Íris Gunnarsdóttir starfsmaður Úrvinnslusjóðs kynnti það markverðasta af störfum Úrvinnslusjóðs. Kom fram í máli hennar að nýjir skilmálar fyrir umbúðir hefðu litið dagsins ljós. Einnig greindi hún frá frumvarpi til laga sem meðal annars heimilaði Úrvinnslusjóði að ákveða hvaða tegundir umbúða greitt skildi fyrir með tilliti til mestu hagkvæmni við að ná fram tölulegum markmiðum. Í þessu sama frumvarpi var Úrvinnslusjóður gerður ábyrgur fyrir að töluleg markmið náist á landsvísu (þessar breytingar voru síðan samþykktar fyrir lok vorþings 2006).

Harpa Birgisdóttir hélt erindi um lífferilsgreiningar (e. LCA) og hvernig hægt er að nota þær við að meta umhverfisáhrif við meðhöndlun úrgangs. Lífferilsgreiningar eru að ryðja sér til rúms í auknu mæli sem ákvörðunartöku verkfæri ásamt hefðbundnum kostnaðargreiningum. Til dæmis getur verið erfitt að gera upp á milli mismunandi endurvinnsluleiða – á að brenna pappírinn eða nota hann aftur í pappír. Flokkun og endurvinnsla er ekki alltaf umhverfislega rétta leiðin – það má allavegana setja spurningarmerki við hvort rétt sé að sækja tvær fernur á truck inn í Þórsmörk sem svo eru endurunnar í Svíþjóð í stað þess að setja þær í óflokkað – LCA gerir svona samanburð mælanlegan. Svæðisáætlun fyrir norðan og sunnan var kynnt af þeim Gunnari Svavarssyni og Ögmundi Einarssyni. Svæðisáætlanir sveitarfélaganna eru, eins og þið eigið eftir að heyra meira um seinna í dag, umfangsmikil undirbúningsvinna og skipulagning úrgangstjórnunar fram til ársins 2020. Að loknum fyrirlestrum var haldið í vettvangsferð inn á Selfoss en þar var fyrst tekið hús á Husl ehf. En þar er rekinn einskonar verndaður vinnustaður þar sem tekið er við pappa sem kurlaður er niður og seldur

sem undirburður undir hesta í stað spænis. Að lokum var Mjólkurbú Flóamanna heimsótt. Fengu ráðstefnugestir þar nægar veitingar og hlíddu á kynningu mjólkurbústjórans, en MBF hefur metnaðarfulla umhverfisstefnu og lætur ekki sitja við orðin tóm.

Fenúrferð til Danmerkur og Svíþjóðar

Á síðasta aðalfundi var sagt frá fyrirhuguðum aðalfundi ISWA og ráðstefnu sem haldin yrði í Kaupmannahöfn 1. til 5. október sl. Kom fram hugmynd um að skipuleggja ferð fyrir Fenúrfélaga til Danmerkur í tengslum við ISWA ráðstefnuna. Töluverður áhugi var fyrir þessari hugmynd og varð úr að farið var í kynnisferð til Danmerkur og Svíþjóðar í vikunni fyrir fyrrnefnda ISWA ráðstefnu.

Kynnisferðin hófst á heimsókn til rgs90 og Renosam í Kaupmannahöfn. Rgs90 sérhæfir sig í endurvinnslu á byggingarúrgangi, hreinsun mengaðra jarðefna og sölu á jarðefnum. Jacob Simonsen hjá Renosam hélt greinargóða kynningu á hvernig úrgansstjórnun Dana er háttáð. Aðal förgunarleið Dana er brennsla og er móttökugjaldið um 2.600 íkr. á tonnið. Öll orkan, heitt vatn og rafmagn, sem verður til við brennsluna er seld á álagstímum sem skilar bestu verði. Í þessu samhengi er rétt að minna á að rafmagn og heitt vatn er að mestu framleitt úr jarðefnaeldsneyti í Danmörku og sorpbrennslan skynsamleg leið til að draga úr kolanotkun. Sveitarfélögin reka endurvinnslustöðvarnar og eru þær 338 talsins og eru 16.000 íbúar um hverja stöð að meðaltali.

Í Holbæk var sambyggð gas- og jarðgerðarstöð skoðuð. Í þessari stöð er tekið við lífrænum heimilis- og garðaúrgangi sem fyrst er forunnin áður en honum er komið fyrir í lokuðum hólfulum. Í hólfinu er úrgangurinn fyrst skolaður með vatni en seinna jarðgerður með lofti. Úr skolvatninu er framleitt metangas en fasta efnið - moltan er sigtuð og seld sem jarðvegsbætir. Áhugaverð lausn að mörgu leiti en ein af grunnhugmyndum hönnuðinna er að nota eingöngu einföld tæki og fjöldaframleiddan búnað við vinnsluna í stað sérsníðaðra lausna.

Í Hörsholm var nýleg endurvinnslustöð skoðuð, á þeirri stöð er tekið við um 18.000 tonnum á ári frá um 40.000 íbúum. Það sem var frábrugðið á þessari stöð var að miðja svæðisins var á lægra plani og umhverfis þessa miðju gátu margir bílar stoppað og losað garðaúrgangi í einu.

Nordforbrænding brennslustöðin var skoðuð í framhaldi en þar eru árlega brennd 110.000 tonn af sorpi.

Í Svíþjóð voru skoðar tvær sorpsöfnunarlausnir annarsvegar OPTIBAG kerfi sem gengur út á að fólk flokkar úrgang í mislita plastpoka sem settir eru saman í eina tunnu við hvert heimili, en eftir söfnun eru pokarnir flokkaðir af færiböndum og litgreindir í þar til gerðri stöð. Hin söfnunarlausnin var sorpsugukerfi sem sett hefur verið upp í Malmö en eins og nafnið gefur til kynna þá er um að ræða lagnakerfi í íbúahverfi

sem sagnar á einn stað sorppokum frá íbúum. Þetta fyrirkomulag kemur í veg fyrir umferð sorphirðubíla um þröng íbúahverfi.

Heimasíða FENÚR

Heimasíða FENÚR (fenur.is) var starfrækt og er þægilegt tæki til að hafa samband við félagsmenn og aðra þá sem hafa áhuga á málaflokknum. Sem fyrr vann Gyða Björnsdóttir mest að uppfærslu o.fl. sem tengist síðunni. Á síðunni er nú að finna ýmsan fróðleik um FENÚR og almennan fróðleik um úrgangsmál en auk þess er auðvelt að tengjast öðrum skyldum heimasíðum. Félagsmenn mættu gjarnan senda efni sem þeir telja að geti átt erindi inn á síðuna.

Starfshópar

Virknir starfshópar á vegum félagsins hefur legið niðri og ekki hefur heldur orðið vart við þörf félagsmanna fyrir slíkri vinnu.

Á síðasta aðalfundi var lögð fram tillaga þess efnis að taka til endurskoðunar hlutverk og tilgang ráðgjafarstjórnar. Formaður ásamt Gunnari Bragasyni og Geir Oddssyni funduðu tvisvar um málið á árinu. Hafin var skoðun á því hvernig sambærileg félög á Norðurlöndunum standa að og nota ráðgjafstjórn. Ljóst er að fækka þarf í ráðgjafstjórninni og skilgreina betur hlutverk hennar. Þessari vinnu er ekki lokið en stefnt er að tillögur liggi fyrir í desember 2007.

NAF (áður DNR)

Björn Halldórsson tók þátt í árlegum fundi NAF (Nordisk Affald forening) í Færeyjum og einnig sat hann ásamt formanni fund sem haldinn var fyrir aðalfund ISWA. NAF stendur fyrir samráðsfundum félaga á borð við FENÚR á Norðurlöndum. Kostnaður af þessum fundum hefur verið greiddur af SORPU án þátttöku FENÚR og kunnum við SORPU bestu þakki fyrir.

Aðalfundur ISWA og ráðstefna

Formaður FENÚR sótti aðalfund ISWA í Kaupmannahöfn en það eru ásamt NAF einu alþjóðalegu samtökin sem FENÚR á fulla aðild að. Daginn fyrir aðalfund ISWA er haldinn for-aðalfundur og eftir hann hittust fulltrúar Norðurlandanna (NAF) og fóru yfir meðal annars væntanlegar kosningar á aðalfundinum.

Þriggja daga ráðstefna fylgdi svo í kjölfarið. Þar voru haldnir margir fyrirlestrar. Yfirskrift ráðstefnunar var „Waste side stories“ og bar nokkuð á reynslusögum meðal fyrirlestra, áhugaverðar sögur margar hverjar. Lög, reglur og stefnur fengu sinn hluta af tímanum og einnig var töluvert um fyrirlestra sem tengdust notkun líferils og kostnaðargreininga í úrgangsstjórnun. Sex Íslendingar voru á ráðstefnunni. Á loka deginum

var svo boðið upp á heimsóknir á urðunarstað, brennslustöð jarðgerðarstöð, gámastöð o.fl.

ISWA vinnur gríðarlega merkilegt starf og má í því sambandi benda á heimasíðuna ISWA.org. Einkum er þetta sjálfbóðaliðsstarf í starfhópum en samtökin hafa auk þess nokkra starfsmenn á skrifstofunni í Kaupmannahöfn og er heildarvelta samtakanna rúmlega 6 milljónir danskra kr. Til samtakanna teljast tæplega 1.000 aðilar, fyrirtæki af ýmsum gerðum, samtök, sveitafélög og ýmis svæðisyfirvöld í 36 löndum í öllum heimsálfum.

Umhverfisráðuneytið hefur styrkt FENÚR til farar á aðalfund og ráðstefnu ISWA síðastliðin ár og var engin breyting þar á í þetta skiptið. Þökkum umhverfisráðherra stuðningin.

Næsti aðlafundur ISWA verður í Amsterdam 24. til 27. september nk. Yfirskrift ráðstefnuar er „Challenging the future. Solid waste management: sustainable city management and global climate control.“

Umhverfisráðherra

Formaður og gjaldkeri FENÚR fóru á fund Jónínu Bjartmarz stuttu eftir að hún tók við sem Umhverfisráðherra. Á þeim fundi var ráðherra kynnt starfsemi FENÚR og tekið létt spjall um úrgangsstjórnun.

Nýjir félagar

Sem liður í útbreiðslu FENÚR og öflun nýrra félaga var gengið frá kynningu á FENÚR í Verktækni, tímarits verk- og tæknifræðinga.

FENÚR fréttir

Stjórn FENÚR samdi við Gyðu Björnsdóttir um að ritstýra og annast útgáfu fréttablaðs FENÚR og hafa komið út 3 tölublöð á árinu. Upplagið hefur verið um 100 til 200 eintök og hefur fréttabréfið verið sent á félagsmenn og fengið góðar móttökur.

FENÚR merkin

FENÚR hefur haldið áfram að annast að láta framleiða og selja límmerki sem sýna hin ýmsu úrgangsflokka. Notkun merkjanna hefur farið hægt og bítandi vaxandi og telja flestir að vel hafi tekist til þegar á heildina er litið. Sala á merkjunum hefur í gegnum tíðina gefið FENÚR nokkrar tekjur sem hagnað af sölunni en þó er reynt að stilla verði þeirra í hóf til að hátt verð torveldi ekki söluna.

Reglulega koma óskir um ný merki og breytingar á núverandi merkjum. Mikilvægt er að merkin og notkun þeirra sé eins og reglur þar um kveða á um á hverjum tíma. Það er hætt við að merkin missi marks ef þau birtast

fólki í síbreytilegri mynd. Stjórn FENÚR hefur reynt að verða við þeim óskum um ný merki og breytingar eftir því sem telja má skynsamlegt. Eitt nýtt merki leit dagsins ljós á árinu en það er merki fyrir sléttan pappa.

Daglegt amstur

Starfsfólk SORPU annast daglegan skrifstofurekstur fyrir FENÚR svo sem innheimtu félagsgjalda, færslu bókhalds, rekstur heimasíðu og sölu og útsendingu límmerkja í samræmi við samning þar um.

Markmið FENÚR

Að lokum langar mig að rifja upp með ykkur helstu markmið FENÚR sem félagið setti sér við stofnun þess fyrir 9 árum en þau eru:

- Að stuðla að minnkun úrgangs í samfélaginu.
- Að auka þróun í meðhöndlun og meðferð úrgangs.
- Að vera leiðandi afl í umfjöllun um úrgang og meðferð hans.
- Að vera leiðandi í öflun upplýsinga um þróun og meðferð úrgangs í heiminum og dreifa upplýsingum til félagsmanna sem og á opinberum vettvangi.
- Að hafa áhrif á setningu laga og reglugerða er varða úrgang og meðhöndlun hans.

Markmiðum nær FENÚR meðal annars með því að:

- Halda uppi faglegri umræðu.
- Afla og dreifa þekkingu til félaga og yfirvalda.
- Útgáfustarfsemi.
- Ráðstefnuhaldi.
- Hvetja til og standa að þróunarverkefnum.
- Eiga góða samvinnu við aðra sem tengjast málaflokknum.
- Taka þátt í samstarfi, norrænu sem og alþjóðlegu.

Af þessari upptalningu lokinni þarf ekki að hafa mörg orð um að enn eru næg verkefni fyrir félagið og margt óunnið.

Lokaorð

Ég hef nú gegnt formennski í FENÚR í 1 ár og finnst eðlilegt að formenn sitji í 2 til 4 ár í senn. Ég gef þar af leiðandi áfram kost á mér sem formaður FENÚR á þessum aðalfundi.

Að svo mæltu þakka ég stjórn og öllum félagsmönnum samstarfið á því starfsári sem er að ljúka.

Flutt á aðalfundi FENÚR í Salnum Álftanesi, 27. apríl 2007.

F.h. Framkvæmdastjórnar FENÚR

Guðmundur Tryggvi Ólafsson,

formaður stjórnar.